

Ed.

498. Breytingartillögur

[161. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 7. gr. Aftan við greinina komi:
d-liður sömu lagagreinar falli niður.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
26. gr. laganna orðist svo:
Ættarjarðir heita í lögum þessum þær jarðir, sem eru ekki óðalsjarðir, hafi þær:
 - a. Verið skrásettar sem ættarjarðir samkvæmt lögum nr. 116/1943 eða með sérstökum gerningi, áður en þessi lög taka gildi.
 - b. Verið í ábúð eða eign sömu ættar í 75 ár eða lengur og eru enn í eigu hennar, þegar lög þessi öðlast gildi.
 - c. Verið ráðstafað til erfingja, ættmenna eða annarra með sérstökum gerningi samkv. 30. gr.
 - d. Þetta ákvæði tekur einnig jafnóðum til jarða, er síðar fullnægja skilyrði b-liðar um eigu eða ábúð sömu ættar.
Eftir gildistöku þessara laga skulu sýslumenn, hver í sinni sýslu, tilkynna hlutaðeigandi ábúendum eða eigendum jarða, er falla undir a- og b-lið þessarar greinar, að jarðir þeirra verði skrásettar sem ættarjarðir að átta mánuðum liðnum, frá því að lögin taka gildi, hafi eigandi eða ábúandi ekki innan þessa tíma tilkynnt sýslumanni skriflega, að hann hafi þvi, að jörð hans falli undir ákvæði laganna. Sama rétt til höfnunar hafa ábúendur og eigendur jarða, sem getið er í d-lið. Ákvörðun jarðareiganda gildir, á meðan hlutaðeigandi maður býr á jörðinni.
3. Við 10. gr. 1. efnismálsgr. orðist svo:
Jörð, sem um ræðir í a- og b-lið 26. gr., má ekki selja úr ættinni fyrr en að ættmönnum frágengnum, sbr. 19. gr.
4. Á eftir 10. gr. komi ný grein, er orðist svo:
28. gr. laganna orðist svo:
Nú vill eigandi ættarjarðar samkv. a- og b-lið 26. gr. selja jörðina, og skal hann þá bjóða hana fyrst niðjum sínum til kaups og ábúðar, systkinum sínum og afkomendum þeirra fyrir fasteignamatsverð, að viðbættu matsverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að fasteignamat hefur farið fram. Vilji þessir aðilar ekki kaupa, er jarðeiganda frjálst að selja jörðina hæstbjóðanda.
5. Við 11. gr. Á eftir orðunum „aðalfasteignamat fór fram“ í 1. málsgr. komi:
þó ekki lægra en áhvílandi veðskuldir.
6. Á eftir 11. gr. komi ný grein, er orðist svo:
30. gr. laganna breytist þannig, að niður falli „og að frádregnum ½ jarðabótastyrk á þær umbætur.“